

Fimmtudaginn 14. október 1982.

Nr. 268/1981. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)  
gegn

**Birgi Guðmundssyni**

(Páll A. Pálsson hrl.).

Tékkasvik.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með stefnu 13. nóvember 1981. Því er og áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar, og er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ágrip barst Hæstarétti 31. mars 1982.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þ. á m. nýtt sakavottorð ákærða, sem ber með sér, að hinn 23. mars 1982 sætti hann með dómssátt í sakadómi Reykjavíkur 2.000.00 króna sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 auk þess sem hann var sviptur ökuleyfi í tvo mánuði frá 9. mars 1982 að telja.

Upplýst er í máli þessu, að fyrrverandi eiginkona ákærða er Arnórsdóttir, en eigi Arnarsdóttir, svo sem ákærði ritaði á tvo tékkanna og greinir í ákæru.

Meðal framangreindra gagna er ljósrit af leyfisbréfi, dags. 16. júlí 1981, til lögskilnaðar milli hjónanna Málfríðar Arnórsdóttur og Birgis Guðmundssonar, ákærða í máli þessu.

Málfríður Arnórsdóttir var yfirheyrð fyrir rannsóknarlögreglu 18. september 1981, og var þá gætt ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga nr. 74/1974. Ber hún, að hún hafi framvísað þeim tveim tékkum, sem stílaðir voru á hennar nafn, í Múlaútibúi Landsbankans og Langholtsútibúi sama banka og fengið fjárhæðir þeirra greiddar. Kveðst hún hafa vitað til þess, að ákærði hafi haft loforð manns nokkurs, er skuldaði

ákærða fé, en hún vildi ekki nafngreina, um, að hann mundi leggja fé inn á tékkareikning ákærða fyrir klukkan 1600 hinn 10. júlí 1981. Hafi því ekki annað hvarflað að henni en næg innstæða yrði til fyrir tékkafjánhæðunum.

Málfríður Arnórsdóttir kom ekki fyrir dóm.

Meðal framangreindra gagna, sem lögð voru fyrir Hæstarétt, er bréf Seðlabanka Íslands, dags. 11. október 1982, til ríkissaksóknara. Í því segir svo:

„Vanskilavextir (dráttarvextir) af tékkum á tímabilinu 1. júlí 1981 til 20. apríl 1982 voru 4,5% á mánuði sbr. vaxtaákvörðun Seðlabanka Íslands, kafla III, dags. 29. maí 1981, svo og „Sérstakar reglur um vexti af innlánnum og útlánnum og vanskilavexti“, kafla III, dags. sama dag.

Frá og með 21. apríl 1982 eru vanskilavextir (dráttarvextir) af tékkum 4,0% á mánuði, sbr. vaxtaákvörðun Seðlabanka Íslands, kafla III, dags. 5. apríl 1982, svo og „Sérstakar reglur um vexti af innlánnum og útlánnum og vanskilavexti“, kafla III, dags. sama dag, og eru þeir vextir í gildi í dag“.

Að því athuguðu, er nú hefur verið rakið, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó svo, að vextir af kröfu Landsbanka Íslands verða 4,5% á mánuði frá 10. júlí 1981 til 20. apríl 1982 og 4% mánaðarvextir frá þeim degi til greiðsludags. Er það í samræmi við kröfugerð ríkissaksóknara hér fyrir dómi og málflutningsyfirlýsingu skipaðs verjanda ákærða.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, 3.000.00 krónur.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að vextir af kröfu Landsbanka Íslands verða 4,5% á mánuði frá 10. júlí 1981 til 20. apríl 1982 og 4% mánaðarvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði, Birgir Guðmundsson, greiði allan áfrýjunar-

kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### **Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. október 1981.**

Ár 1981, föstudaginn 23. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni yfirsakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 453/1981: Ákærvaldið gegn Birgi Guðmundssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 9. þ. m., gegn Birgi Guðmundssyni, Kleppsvegi 6, Reykjavík, fæddum 12. janúar 1960 í Reykjavík, „fyrir tékkasvik samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að gefa út þrjá tékka á reikning sinn nr. 12675 í Vegamótaútibúi Landsbankans í Reykjavík, án þess að næg innstæða væri fyrir hendi á reikningnum, og selja síðan einn tékkann sjálfur í aðalbanka Landsbankans og fá eigin konu sína til að selja hina í tveim af útibúum Landsbankans í Reykjavík. Tékkarnir eru allir gefnir út og seldir sama dag, þann 10. júlí 1981:

1. Nr. 1239554, kr. 8.000.-. Gefinn út til Málfríðar Arnarsdóttur og framseldur af henni í Múlaútibúi.

2. Nr. 1239555, kr. 7.500.-. Gefinn út til sömu og framseldur af henni í Langholtsútibúi.

3. Nr. 1239556, kr. 10.000.-. Gefinn út til handhafa og framseldur af ákærða.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Landsbanki Íslands krefst þess, að ákærði verði dæmdur til greiðslu 25.500 króna auk 4.5% vanskilavaxta á mánuði frá 10. júlí 1981 til greiðsludags.

Ákærði hefur haft ávísanareikning 12675 í Vegamótaútibúi Landsbankans. Reikningnum var lokað 20. júlí sl.

Sannað er í máli þessu, að 10. júlí sl. gaf ákærði út þrjá tékka á reikning sinn og seldi einn þeirra í aðalbanka Landsbankans, en lét konu sína selja hina tvo, annan í Langholtsútibúi bankans, hinn í Múlaútibúi. Er tékkum þessum rétt lýst í ákæru.

Tékkarnir voru án innstæðu við sýningu í greiðslubankanum sama dag. Ákærði kannast við, að sér hafi verið ljóst, að innstæða var ekki fyrir tékkunum, en ber það fyrir sig, að hann hafi átt von á, að greitt yrði inn á reikninginn sama dag. Hann hefur þó eigi viljað skýra frá því, hver átt hafi að annast innlegg þetta.

Með því að selja innstæðulausa tékka, svo sem nú var lýst, hefur ákærði aflað sér 25.500 króna með sviksamlegum hætti og unnið til refsingar skv. 248. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði hefur sætt þessum refsidómum:

1977 ákvörðun um refsingu fyrir skjalafals og þjófnað frestað skilorðsbundið 2 ár.

1977 sakfelldur fyrir þjófnað og tolllagabrot, en refsing ekki dæmd.

1978 sakfelldur fyrir hylmingu, en refsing ekki dæmd.

1978 5 mánaða fangelsi fyrir skjalafals og hylmingu.

1978 sakfelldur fyrir þjófnað, refsing ekki dæmd.

1979 45 daga fangelsi fyrir þjófnað.

1980 sakfelldur fyrir þjófnað, refsing ekki dæmd.

Auk þess hefur ákærði sæst á greiðslu sekta, þar á meðal fjórum sinnum fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf.

Refsing ákærða verður ákveðin 3 mánaða fangelsi.

Fjárkrafa Landsbankans verður tekin til greina.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 1.000.00 kr.

#### Dómsorð:

Ákærði, Birgir Guðmundsson, sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákærði greiði Landsbanka Íslands 25.500 krónur ásamt 4.5% vöxtum á mánuði frá 10. júlí 1981 til greiðsludags.

Ákærði greiði sakarkostnað, þar á meðal málsvarnarlaun til verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 1.000.00 krónur.